

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
Skjal 1c með lokaafgreiðslu svæðisskipulagstillögu
Samþykkt 10. apríl 2015

Samþykktar breytingar á tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, Höfuðborgarsvæðið 2040, eftir að tillaga var auglýst.

Höfuðborgarsvæðið 2040, breytingar á texta í greinargerð:

Hér eru nefndar helstu breytingar á texta í greinargerð sem gerðar verða eftir auglýsingu tillögunnar. Að auki verða gerðar minni leiðréttingar á orðalagi eða framsetningu sem fela ekki í sér efnislegar breytingar.

Eftirfarandi feitletruðum texta er bætt við umfjöllun í kafla 1 (bls. 12): „*Slíkar ákvarðanir eru settar fram og útfærðar í aðalskipulagi sveitarfélaganna sem skulu vera í samræmi við stefnumarkandi áherslur Höfuðborgarsvæðisins 2040, sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.*“

Eftirfarandi feitletruðum texta er bætt við umfjöllun í kafla 1 (bls. 13): „*Mat svæðisskipulagsnefndar byggir á samræmi tillögunnar við stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 og þá skipulagsþætti sem eru festir í svæðisskipulagi annars vegar og mótuð er almenn stefna um hins vegar. Sjá nánar töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.*“

Kafla 3. Inngangur (bls. 24). Til að skýrt sé að texti sem undir hverju leiðarljósi og markmiði er hluti af stefnu svæðisskipulagsins verður það útskýrt í innangi 3. kafla svæðisskipulagsgreinargerðar sem hefur kaflaheitið Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040.

Texti var: „*Stefnan er sett fram í texta, á skýringarmyndum og með þemakortum sem ekki eru eiginlegir skipulagsupprættir. Við túlkun stefnunnar og samræmingu við aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna skal taka mið af þeim skipulagsþáttum sem eru festir í svæðisskipulagi og þeim sem mótuð er almenn stefna um, sbr. töflu 3 og umfjöllun um innleiðingu í kafla 4.*“

Texti verður (breytingar feitletraðar): „*Stefnan er sett fram í texta (með leiðarljósum, markmiðum og aðgerðum), á skýringarmyndum og með þemakortum sem ekki eru eiginlegir skipulagsupprættir. Áherslur sem koma fram í texta undir leiðarljósum og markmiðum teljast einnig til stefnu.*“

„Við túlkun stefnunnar og samræmingu við aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna skal taka mið af þeim skipulagsþáttum sem eru festir í svæðisskipulagi og þeim sem mótuð er almenn stefna um, sjá **töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.**“

Bætt verður við heiti myndar (bls. 26) : „Samgöngu- og þróunarásar.“ Bætt verður við setningu í lok skýringartexta: „Við útfærslu samgöngu- og þróunarása í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.“

Eftirfarandi texta verður bætt við umfjöllun um markmið 1.1 (bls. 28). „Með uppbygging innan núverandi þéttbýlis er stutt við betri nýtingu á núverandi grunnkerfum samgangna, veitna og almannaþjónustu og dregið úr þrýstingi um uppbyggingu á óbyggðum svæðum.“

Eftirfarandi feitletruðum texta bætt við aðgerð 1.1.5 (bls. 28): „Sveitarfélögin taki mið af uppfærðum mannfjöldaspám við gerð fjögurra ára þróunaráætlunar **og samráði við Vegagerðina og veitustofnanir vegna uppbyggingar grunnkerfa samgangna og veita.**“

Gerð verður ítarlegri grein fyrir landnotkun innan vaxtarmarka undir markmiði 1.1 (bls. 28) með texta um samspil vaxtarmarka við takmarkandi landnotkun líkt og fram kemur í skýringum við kort 11 sem hér fara á eftir:

- Afmörkun vaxtarmarka og vatnsverndar felur sér bindandi stefnu. Nákvæm mörk eru aðgengileg í kortagrunni svæðisskipulagsins.
- Almennt eru vaxtarmörk 50 m belti sem eru skilgreind nánar í aðalskipulagi sveitarfélaga.
- Þar sem vaxtarmörk mæta takmörkunum á landnotkun, til dæmis vatnsvernd eða friðlýstum svæðum, skal taka mið af þeim takmarkandi mörkum.

Við texta undir markmiði 1.1 (bls. 28) kemur viðbót þar sem skýrt verður að fjöldi, stigskipting og gróf staðsetning kjarna er bindandi stefna, með tilvísun í töflu 3 í 4 kafla.

Bætt verður við umfjöllun undir markmiði 1.2 (bls. 30) um hvaða áhrif það mun hafa á byggðarþróun ef töf verður á að flugvöllurinn fara úr Vatnsmýri eða ef niðurstaðan verður sú að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Ef þessar aðstæður koma upp þá hefði það fyrst og fremst áhrif í Reykjavík en þar er rými innan vaxtarmarka til að taka við þessari uppbyggingu.

Heiti skýringarmyndar (bls. 31) verður breytt í „Miðkjarnar og samgöngumiðuð þróunarsvæði.“ Bætt verður við eftirfarandi setningu í lok skýringartexta : „Við útfærslu samgöngu- og þróunarása í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.“

Sett verður inn heiti á töflu 1, (bls. 32): „Viðmið um skiptingu uppbyggingar á kjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði“.

Skýringar við töflu 1 (bls. 32) verða endurritaðar þannig að skýrt komi fram að tölur í töflunni eru leiðbeinandi viðmið og sveitarfélög geti vikið frá þeim, t.d. með því að fjölga íbúðum í miðkjörnum og/eða á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum á kostnað annarra svæða. Leitast verði við að ná því að minnst 66% íbúða á höfuðborgarsvæðinu verði í kjörnum og samgöngumiðuðum þróunarsvæðum árið 2040.

Farið verður yfir tölur í töflu 1 (bls. 32) sem snúa að landskjarnanum. Skýringar við töflu 1 verða endurritaðar þannig að skýrt komi fram að tölur í töflunni eru leiðbeinandi viðmið og sveitarfélög geti vikið frá þeim, t.d. með því að fjölga íbúðum í miðkjörnum og/eða á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum á kostnað annarra svæða. Leitast verði við að ná því að minnst 66% íbúða á höfuðborgarsvæðinu verði í kjörnum og samgöngumiðuðum þróunarsvæðum árið 2040.

Skerpt verður á skilgreiningu kjarna og lýsing á þeim samræmd þar sem um þá er fjallað í tillögu, bæði í meginþexta og skýringum við kort og töflur. Skilgreiningar á kjarna skulu taka mið af eftirfarandi texta, til dæmis í töflu 3 (bls. 34):

Viðmiðunarstaðsetningu kjarna má sjá á þemakorti en staðsetning og mörk verða útfærð nánar í aðalskipulagi sveitarfélaga.

Landskjarni: Landskjarninn, miðborg Reykjavíkur, er bæði miðstöð fyrir svæðisbundna starfsemi og fyrir landið í heild. Þar er fjölþætt starfsemi og helstu stofnanir landsins, stjórnvíska ríkisins og borgarinnar, Alþingi, dómstólar, mennta- og vísindastofnanir og heilbrigðisstofnanir sem þjóna landinu öllu, svo og miðstöð viðskiptalífs þekkingar og nýsköpunar.

Svæðiskjarni: Svæðiskjarni, Smárin og Mjódd, þjónar öllu höfuðborgarsvæðinu en einnig bæjarhlutum, hverfum og nánasta umhverfi.

Bæjarkjarni: Bæjarkjarni þjónar hverfum og bæjarhlutum með fjölbreyttri starfsemi s.s. þjónustufyrirtækjum, verslunum, skrifstofum og afþreyingu.

Sett verður inn heiti á töflu 2, bls. 34: „Við útfærslu stofnleiða göngu- og hjólreiða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 2 hér að aftan og töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafli.“

Heiti myndar (bls. 45) breytist úr „Bætt sambúð byggðar og umferðar „ í: „Götur fyrir alla ferðamáta.“

Aðgerð 2.3.7 (bls. 45). Eftirfarandi texti er felldur út: „Sérstaklega verði hugað að öryggi samgöngumáta, t.d. hjólreiða, sem fara hratt vaxandi og slysatíðni er óljós.“

Bætt verður við heiti myndar (bls. 36)

Gerðar eru orðalagsbreytingar undir markmiði 2.4 (bls. 46) og breytingar á korti 4 sem nú sýnir skiptingu stofnvega í meginstofnvegi og stofngötu. Nýtt útlit korts og nýr texti undir markmiði 2.4. er í fylgiskjali 2 við „Samkomulagi um samstarf SSH og Vegagerðarinnar um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu.“

Bætt verður við heiti myndar (bls. 50): „Samþætting skilvirkra samganga og eftirsóknarverðra uppbyggingarsvæða.“

Eftirfarandi texta verður bætt við umfjöllun um markmið 3.2 (bls. 55) : „Í nágrenni höfuðborgarinnar eru jarðhitavirkjanir sem hafa áhrif á umhverfi sitt. Síðustu ár hefur verið aukning á brennisteinsvetni í andrúmslofti á Íslandi vegna aukinnar nýtingar jarðhita. Nauðsynlegt er að samráð eigi sér stað milli sveitarfélaga um áhrif núverandi nýtingar og frekari nýtingar til framtíðar til þess að tryggja að búsetuskilyrði aðliggjandi byggðar sé ekki ógnað sökum hás gildis brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Er þetta í samræmi við reglugerð um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti nr. 514/2010 með síðari breytingum.

Mikilvægt að birtar séu upplýsingar um loftgæði á aðgengilegan og skiljanlegan hátt að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og tryggt sé að almenningur sé ætíð upplýstur um líklega útbreiðslu brennisteinsvetnis á áhrifsvæðum jarðhitavirkjanna í samræmi við upplýsingaskyldu sbr. 6.grein reglugerðar 514/2010.“

Bætt verður við tilvísun í samkomulag eigenda Sorpu frá 25. október 2013 í umfjöllun um markmið 3.2. (bls. 55) eins og hér er skáletrað: Urðun á Álfsnesi verður hætt á skipulagstímabilinu, eigi síðar en 2020 „eins og kveðið er á um í samkomulagi eigenda Sorpu frá 25. október 2013.“

Bætt verður við texta undir markmiði 3.2. (bls. 55) um hlutverk Sundahafnar: „Sundahöfn er megin vöruflutningahöfn höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Hún er megin gátt vöruflutninga til og frá Íslandi og hefur mikilvægt hlutverk í vörudreifingu fyrir höfuðborgina og landið allt.“

Eftirfarandi texti verður felldur úr greinargerð undir umfjöllun um markmið 3.2. (bls. 55) : „Ef kemur til aukinna hafnarumsvifa vegna nýrra verkefna s.s. norðurslóðasiglinga eða námuverkefna á Grænlandi er þörf á nýrri hafnaraðstöðu.“ Í staðin kemur eftirfarandi texti: „Ef kemur til aukinna hafnarumsvifa t.d. vegna nýrra verkefna verður þörf fyrir nýja hafnaraðstöðu endurmetin í takt við breyttar aðstæður.“

Bætt verður við umfjöllun um markmið 3.2. (bls. 55) í eftirfarandi texta: „Í Reykjavík og Hafnarfirði eru mikilvægar hafnir eins og í nágrannabæjunum Akranesi, Reykjanesbæ, Sandgerði, Grindavík og Þorlákshöfn. Á Grundartanga er vöruflutningahöfn sem þjónar þeirri starfsemi sem þar er.“

Bætt verður við texta undir markmiði 3.4. (bls. 55) um hlutverk Reykjavíkurhafnar og Hafnarfjarðarhafnar sem hafnir í grunneti samkvæmt samgönguáætlun 2011-2022.

Bætt verður við umfjöllun um markmið 3.2 (bls. 55). Þar verður fjallað um að stefnt sé að því að háspennulínunum innan höfuðborgarsvæðisins verði ekki fjölgað og frekar horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu. Stóriðja (orkufrekur iðnaður) er við Straumsvík.

Bætt verður texta í umfjöllun um markmið 3.2. (bls. 55) um að Hvalfjarðargöng geti orðið tvöföld á tímabilinu.

Texta við leiðarljós 4 verður breytt þannig að í stað þess að texti sé „Grænn vefur dregur fram sérkenni landslags og tengir bláþráð strandlengjunnar og Grænan trefil í jaðri borgarbyggðar“ komi eftirfarandi texti (breytingar feitletraðar): „**Grænir gearar draga fram sérkenni landslags og tengja bláþráð strandlengjunnar og Grænan trefil í jaðri borgarbyggðar.**“

Bætt verður við heiti myndar (bls. 58): „Vefur útivistarsvæða inn í byggðinni og á jaðri hennar.“ Í skýringartexta komi „**Bláþráður strandlengjunnar ...**“ í stað „Strandlengjan ...“

Texti við markmið 4.1. (bls. 60) verður yfirfarinn þannig að það sé ljósara að hann lýsi áherslum/stefnu.

Texti um vatnsvernd tekin úr umfjöllun með markmiði 4.2 (bls. 63).

Bætt verður við texta um nýjan vatnsverndarflokk (öryggissvæði) í umfjöllun um markmið 4.4 (bls. 69).

Tafla 3 (bls 88). Eftirtaldar breytingar verða gerðar:

- Heiti töflunnar verði breytt í „*Málsmeðferð einstakra þátta svæðisskipulagsins eftir svæðisbundnu mikilvægi*“.
 - Vísað verður til viðeigandi markmiða og tilheyrandi texta á eftir hverjum þætti/viðfangsefni sem mörkuð er stefna um í svæðisskipulaginu. Skýrt verður hver er stefna svæðisskipulagsins varðandi hvern þátt þannig að ljóst sé í hverju breyting felst.
- Taflan tilgreini einungis þá þætti/viðfangsefni (efnisatriði) sem mörkuð er stefna um í svæðisskipulaginu.

- Sorpförgunarstöðum verður bætt í töflu 3 í 2. flokk.
- Hverfisverndarsvæðum verður bætt í töflu 3 í 3 flokk.
- Í texta í töflu 3 er talað um hverfishlutakjarna. Þetta orð verður felld út.

Bætt verður við heiti við skýringarmynd (bls. 72) „*Gott nærumhverfi eykur gæði borgarbyggðarinnar.*“

Í kafla 4 (bls. 90-94) verður texti um leiðarljós og markmið samræmdur þannig að hann verði orðrétt eins og í kafla 3, en við yfirlestur kom í ljós smá misræmi.

Í árangursmælingar fyrir markmið 3.2. (bls. 92) er bætt við að fylgst verði með magni úrgangs, endurvinnslu og förgun frá höfuðborgarsvæðinu.

Breytingar á fylgiritum:

Fylgirit 1 A Umhverfisskýrsla

Uppfæra mynd 9 vegna breytinga á vaxtarmörkum við Grundarhverfi og í landi Vatnsenda. Uppfæra kafla 1.3 um kynningu og samráð þannig að hann taki tillit til auglýsingaferilsins.

Fylgirit 6 Næstu skref í þróun samgöngukerfa

Uppfæra þarf texta til samræmis við samkomulag við Vegagerðina.

Fylgirit 7 Byggðarþróun

Bætt verður við umfjöllun um vaxtarmörk þar sem þau verða sýnd dregin um Grundarhverfi.

Fylgirit 8 Náttúra og útivist

Mynd 12, breytingar við skýringar. Texti var: „*friðlýst svæði*“ og „*fólkvangar með stjórn*“. Texti verður: „*friðlýst svæði, þ.m.t. minni fólkvangar*“ og „*friðlýst svæði, stærri fólkvangar með stjórn*“

Mynd 35. Græni trefillinn verður sýndur um rætur Esjuhlíðar í stað græns geira.

Mynd 20. Helstu reiðleiðir á höfuðborgarsvæðinu, sem mynda net milli hesthúshverfa í jaðri þéttbýlisins, milli sveitarfélaga og til nágrannasveitarfélaga verða merktar inn á mynd.

Fylgirit 9 Skipulagstölur og umferðarspá.

Uppfæra þarf umferðarspár þannig að Kópavogsgöng eru tekin út en Ofanbyggðarvegur fer inn.

Höfuðborgarsvæðið 2040, breytingar á kortum og skýringum við kort í greinargerð:

Nr. og heiti korts	Núverandi skýringartexti	Breyting á skýringartexta (feitletrað)	Aðrar breytingar
Pemakort og skýringarmynd bls. 5.	Breytist ekki.		Breyting á korti; vaxtarmörk afmörkuð við Grundarhverfi.
1. Sveitarfélög sem mynda höfuðborgarsvæðið bls. 15	Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 nær yfir allt landsvæði sveitarfélaganna. Sveitarfélagamörk eru byggð á grunni Landmælinga, óvissa ríkir um legu þeirra á vissum stöðum.	Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 nær yfir allt landsvæði sveitarfélaganna. Sveitarfélagamörk eru byggð á grunni Landmælinga Íslands, en óvissa ríkir um legu þeirra á vissum stöðum.	
2. Kjarnar og vaxtarmörk bls. 29	Dreifing og stigskipting miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu. Nákvæm staðsetning miðkjarna er útfærð í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga. Vaxtarmörkin eru bindandi og á allt þéttbýli að þróast innan þeirra til ársins 2040.	Fjöldi, stigskipting og gróf staðsetning miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Nákvæm staðsetning miðkjarna er útfærð í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga. Vaxtarmörk eru 50 m belti sem er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Allt þéttbýli á að þróast innan þeirra til ársins 2040 en lega vaxtarmarka skal skilgreind nánar í aðalskipulagi. Nákvæm mörk beltisins eru í kortagrunni svæðisskipulagsins.	Breyting á korti; vaxtarmörk afmörkuð við Grundarhverfi.
3. Hjólréiðastígar og tíðni strætisvagna bls. 43	Kortið er eingöngu til skýringar. Sýndar eru helstu göngu og hjólaleiðir og valdar stoppistöðvar strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu 2014. Stefna höfuðborgarsvæðisins 2040 er að stórauka hlutdeild vistvænna samgöngukerfa.	Kortið sýnir þær stofnleiðir göngu- og hjólareiða sem hafa svæðisbundið vægi og eru virkar árið 2014. Svæðisskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að að stofnleiðum muni fjölga á skipulagstímanum eftir því sem byggðin þróast. Til stofnleiða göngu- og hjólreiða flokkast einnig stígur yfir Fossvog sem er í aðalskipulagsáætlunum Reykjavíkur og Kópavogs. Nýjar stofnleiðir með svæðisbundið vægi verða skilgreindar í tengslum við gerð fjögurra ára þróunaráætlana. Við útfærslu stofnleiða göngu- og hjólreiða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.	Breyting á korti; vaxtarmörk afmörkuð við Grundarhverfi. Breyta „&“ í „og“ í heiti myndar
4. Stofnvegir bls. 47	Kortið sýnir meginhugmynd um legu meginstofnvega. Nánari afmörku er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga, í samstarfi við Vegagerðina.	Kortið sýnir þá stofnvegi sem eru í grunnneti samgangna skv. samgönguáætlun 2011-2022 og skiptingu þeirra í meginstofnvegi og stofngötur. Nánari lega þeirra er ákveðin í aðalskipulagi sveitarfélaga, í samstarfi við Vegagerðina. Til stofnvega flokkast einnig eftirtaldir vegir sem eru í aðalskipulagsáætlunin sveitarfélaga: Sundabraut, ofanbyggðarvegur sem meginstofnvegir, og Öskjuhlíðagöng sem stofngata. Við útfærslu meginstofnvega og stofngatna í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.	Nýtt kort þar sem sýndir eru meginstofnvegir og stofngötur. Sjá samkomulag við Vegagerðina . Breyting á korti; vaxtarmörk afmörkuð við Grundarhverfi.
5. Atvinnusvæði og kjarnar bls. 53	Kortið dregur fram stefnu um uppbyggingu miðkjarna sem eiga að stuðla að eftirsóknarverðum atvinnusvæðum um allt höfuðborgarsvæðið. Beina á uppbyggingu verslunar og þjónustu á miðkjarna.	Kortið dregur fram stefnu um uppbyggingu miðkjarna sem eiga að stuðla að eftirsóknarverðum atvinnusvæðum um allt höfuðborgarsvæðið. Beina á uppbyggingu verslunar og þjónustu á miðkjarna.	Breyting á korti; vaxtarmörk afmörkuð við Grundarhverfi.

	Innan landkjarnans er stefnt að markvissri uppbyggingu miðstöðvar þekkingar og nýsköpunar. Nánari afmörkun atvinnusvæða er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga.	Innan landkjarnans er stefnt að markvissri uppbyggingu miðstöðvar þekkingar og nýsköpunar. Nánari afmörkun atvinnusvæða er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga. Fjöldi, stigskipting og gróf staðsetning miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Við útfærslu hafna í grunnneti og svæða fyrir orkufrekan iðnað í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.	
6. Umhsvif á suðvesturhorninu bls. 56	Enginn skýringartexti er með kortinu.	Horfa þarf heildstætt á samspil höfuðborgarsvæðisins við suðvesturhornið.	Heiti kortsins verður breytt í “Megin grunnkerfi og atvinnusvæði á suðvesturhorninu” Bætt verður bætt við táknum á kortið fyrir jarðhitavirkjanir á suðvesturhorninu; Nesjavelli, Hellisheiðarvirkjun, Reykjanesvirkjun og Svartsengi. Merkt verður hvaða háspennulínur á að leggja niður samkvæmt aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna, þar með talið háspennulínur í Heiðmörk (Hamraneslína).
7. Náttúra og útivist bls. 61	Náttúru- og útivistarsvæði sem hafa þýðingu fyrir allt höfuðborgarsvæðið . Nánari afmörkun náttúru- og útivistarsvæða er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga.	Náttúru- og útivistarsvæði sem hafa þýðingu fyrir allt höfuðborgarsvæðið . Nánari afmörkun náttúru- og útivistarsvæða er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga. Við útfærslu græna trefilsins, grænna geira, borgargarða, græna stígsins og strandstígsins, í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.	Breyting á korti; vaxtarmörk afmörkuð við Grundarhverfi. Græni trefillinn verður sýndur um rætur Esjuhlíðar í stað græns geira. Strandstígur verður sýndur án þess að hann sé rofinn við hafnarsvæði. Breyting á skýringum; í stað strandstígur/strönd standi strönd.
8. Verndarsvæði bls. 64	Á kortinu eru svæði sem njóta friðunar og/eða verndar árið 2014. Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 er að samræma aðgerðir sveitarfélaga á verndarsvæðum.	Á kortinu eru svæði sem njóta friðunar og/eða verndar árið 2014. Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 er að samræma aðgerðir sveitarfélaga á verndarsvæðum. Við útfærslu friðlýstra svæða og hverfisverndar í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.	Breyting á korti; vaxtarmörk afmörkuð við Grundarhverfi.
9. Fjallahringir bls. 67	Kortið dregur fram þau tækifæri sem felast í að nýta betur uppland höfuðborgarsvæðisins og fjallahringinn til ferðamennsku.	Mögulegar útvistarleiðir um fjallahring höfuðborgarsvæðisins.	Breyting á korti; vaxtarmörk afmörkuð við Grundarhverfi.
10. Vatnsverndarsvæði bls. 71	Kortið sýnir áætlaða staðsetningu verndarsvæða. Nákvæm lega er geymd á kortagrunni hjá SSH. Sveitarfélögin innleiða vatnsverndarsvæðin í sitt aðalskipulag. Gildistaka á breyttum svæðum í Mosfellsdal verði þannig veitt nauðsynlegt svigrúm til að vinna viðbótarathuganir sem varða framtíðar vatnstöku sveitarfélagsins og ákvörðun um hvort vatnstöku verði framhaldið þar.	Afmörkun vatnsverndar er bindandi sbr. samþykkt um vatnsvernd dags. xxxx. Nákvæm mörk eru í kortagrunni svæðisskipulagsins. Skilgreiningar og skilmálar fyrir landnotkun á vatnsverndarsvæðum má sjá í samþykkt sveitarfélaganna um verndarsvæði vatnsbóla og er stefna svæðisskipulagsins í samræmi við þá samþykkt. Sveitarfélögin innleiða vatnsverndarsvæðin í sitt aðalskipulag. Gildistaka á breyttum svæðum í Mosfellsdal verði þannig veitt nauðsynlegt svigrúm til að vinna viðbótarathuganir sem varða framtíðar	Breyting á korti; vaxtarmörk afmörkuð við Grundarhverfi.

		<p>vatnstöku sveitarfélagsins og ákvörðun um hvort vatnstöku verði framhaldið þar.</p> <p>Við útfærslu vatnsverndarsvæða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafli.</p>	
<p>11. Landnotkun meginrættir bls. 79</p>	<p>Meginrættir landnotkunar eru settir saman á þemakort til að gera áherslur Höfuðborgarsvæðisins 2040 sem sýnilegastar. Ekki er um eiginlegan skipulagsupprátt að ræða en sveitarfélögin skulu hafa meginrætti landnotkunar til hliðsjónar við mótun aðalskipulagsáætlana, sérstaklega m.t.t. staðsetningar kjarna.</p> <ul style="list-style-type: none"> Afmörkun vaxtarmarka og vatnsverndar felur í sér bindandi stefnu. Nákvæm mörk eru aðgengileg í kortagrunni svæðisskipulagsins. Almennt eru vaxtarmörk 50 m belti sem eru skilgreind nánar í aðalskipulagi sveitarfélaga. Þar sem vaxtarmörk mæta takmörkunum á landnotkun, til dæmis vatnsvernd eða friðlýstum svæðum, skal taka mið af þeim takmarkandi mörkum. Nánari afmörkun annarrar landnotkunar, s.s. kjarnar, opin svæði, landbúnaðarsvæði, Græni trefillinn, fjalllendi og fólkvangar, eru lýsandi fyrir útfærslu í aðalskipulagi sveitarfélaga. Nánari afmörkun kjarna og vaxtarmarka eru útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga. Afmörkun kjarna er skematísk og til viðmiðunar fyrir nánari útfærslu í aðalskipulagi sveitarfélaga 	<p>Meginrættir landnotkunarstefnu svæðisskipulagsins og stefnu um grunngerð eru hér dregnir saman á eitt þemakort til að sýna samspil þeirra og gefa heildarmynd. Um þessa meginþætti gildir eftirfarandi en málsmeðferð vegna þessara þátta er nánar lýst í töflu 3 í 4. kafli:</p> <ul style="list-style-type: none"> Afmörkun vatnsverndar er bindandi, sbr. samþykkt um vatnsvernd dags. xxxx. Nákvæm mörk eru í kortagrunni svæðisskipulagsins. Sjá markmið 4.4, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafli. Vaxtarmörk eru 50 m belti sem er bindandi og skal lega markanna skilgreind nánar í aðalskipulagi. Nákvæm mörk beltisins eru í kortagrunni svæðisskipulagsins. Sjá markmið 1.1, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafli. Þar sem vaxtarmörk mæta takmörkunum á landnotkun, t.d. vatnsvernd eða friðlýstum svæðum, skal taka mið af þeim takmarkandi mörkum við skilgreiningu á legu markanna í aðalskipulagi. Sjá markmið 1.1 og 4.2, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafli. Lega og stigskipting kjarna er bindandi (sbr. staðarlýsingu í töflu 2) en nánari afmörkun þeirra skal útfærð í aðalskipulagi. Sjá markmið 1.2, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafli. Svæðisskipulagstillagan tekur til hafna sem eru í grunnneti samkvæmt samgönguáætlun á hverjum tíma. Sjá markmið 3.1, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafli. Staðsetning orkufreks iðnaðar sem tengist flutningskerfi landsnets er bindandi en afmörkun svæðanna er nánar útfærð í aðalskipulagi. Sjá markmið 3.1, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafli. Afmörkun annarrar landnotkunar sem sýnd er á kortinu, þ.e. einstakra þéttbýlisreita innan vaxtarmarka, dreifbýlis og svæða náttúru og útivistar, fer fram í aðalskipulagi út frá viðeigandi markmiðum þessa svæðisskipulags. Sjá t.d. markmið 1.1, 1.3, 3.1, 4.1, 4.2, 4.3, 4.4, 5.1, 5.2, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafli. Lega núverandi stofnvega (meginstofnvega og stofngatna) er bindandi. Sjá markmið 2.3 og 2.4, tilheyrandi texta. Þessir stofnvegir og nýir sem skilgreindir verða sem hluti af grunnneti samgagna í samgönguáætlun aðalskipulagi kalla á sérstaka málsmeðferð, sjá töflu 3 í 4. kafli.“ 	<p>Breyting á korti; vaxtarmörk afmörkuð við Grundarhverfi.</p>